

Hulda Kristjánsdóttir

From: Ása Valdís Árnadóttir <oddviti@gogg.is>
Sent: þriðjudagur, 21. janúar 2025 11:54
To: Ása Valdís Árnadóttir
Subject: Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála
Attachments: Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um mál nr. S-232-2024.pdf; Umsögn SO um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um rammaáætlun drög eftir stjórnarfund.docx

Góðan dag,

Þessi póstur er sendur á aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga.

Á föstudaginn skilaði stjórn Samtaka orkusveitarfélaga inn í Samráðsgátt umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála. <https://island.is/samradsgatt/mal/3871>
Umsögnin er hér í viðhengi.

Jafnframt vill stjórn benda aðildarsveitarfélögum á að í Samráðsgáttinni er eftirfarandi mál til umsagnar: **Skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögum um rammaáætlun** <https://island.is/samradsgatt/mal/3874> umsagnarfrestur í því máli er til 1. febrúar og hefur stjórn Samtaka orkusveitarfélaga verið að vinna að umsögn sem er hér í viðhengi. Umsögninni hefur ekki verið skilað inn en hún fer inn áður en frestur verður liðinn. Stjórn hvetur aðildarsveitarfélögin til að taka undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga og/eða nýta sér upplýsingar úr umsögninni í sínum umsögnum.

Að lokum þá vill stjórn benda áhugasömum aðilum á að það var haldinn áhugaverður fundur hjá Samorku í síðustu viku; Út fyrir rammann og fylgir hér með linkur á þann fund: [Ganga þarf lengra í grundvallarbreytingum á rammaáætlun - Samorka](#)

f.h. hönd stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Bestu kveðjur

Ása Valdís Árnadóttir
Oddviti
Sími: 480-5500
Netfang: oddviti@gogg.is
Veffang: www.gogg.is
Borg 805 Selfoss
[Skilmálar/Disclaimer](#)



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Umsögn um frv. um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.

Mál nr. S-232/2024

Samtök orkusveitarfélaga (SO) vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum við frumvarp sem nú er til umsagnar í samráðsgátt.

Að áliti SO felur frumvarpið almennt í sér jákvæðar breytingar á leyfisveitingaferli og er við hæfi að frumvarp þessa efnis er lagt fram til kynningar þegar ný stofnun, Umhverfis- og orkustofnun, hefur starfsemi. Stofnunin tekur við stjórnsýsluverkefnum sem áður voru á hendi Umhverfisstofnunar, Orkustofnunar og fleiri stjórnvalda. Eðlilegt er að jafnhliða slíkri stofnanabreytingu sé leitast við að samþætta leyfisveitingarferla samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir.

Breytingar sem snúa að sveitarfélögum er einkum að finna í II. kafla frv., þar sem lagðar eru til breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. SO telja ekki tilefni til athugasemda við breytingar sem lagðar eru til í kaflanum, þótt þær geti falið í sér nokkra tilfærslu á leyfisútgáfu frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar. Á það annars vegar við um 4. gr., sem kveður á um að í ákveðnum tilvikum gefi Umhverfis- og orkustofnun út starfsleyfi sem eitt leyfi þannig að ekki þurfi sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar. Einnig er í 6. gr. lögð til breyting á viðaukum laganna sem felur í sér að virkjun og orkuveita sem er 1 MW eða stærri færist í II. viðauka. Slík starfsemi verður þá ekki háð starfsleyfi heilbrigðiseftirlits heldur Umhverfis- og orkustofnunar og mögulegt að sameina starfsleyfið öðrum leyfum sem stofnunin gefur út vegna sömu starfsemi.

Í 11. gr. frv. er lögð til breyting á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, sem SO telur vera til bóta. Í henni felst að ákvörðun um að heimild til breytingar á vatnshloti verði hluti af ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um veitingu leyfis. Breytingar í 13. og 14. gr. miða einnig að því að samþætta ákvarðanir samkvæmt lögum nr. 36/2011 við stjórnsýslu samkvæmt öðrum lögum.

➤ Dómur héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. janúar sl., þar sem fellt var úr gildi leyfi Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá vegna Hvammsvirkjunar, gefur að áliti SO skýrt tilefni til breytinga á ákvæðum þess frumvarps sem hér er til umsagnar. Fram kemur í forsendum héraðsdóms að breytingar sem gerðar voru á frumvarpi sem varð að lögum nr. 36/2011 í meðförum Alþingis hafi dregið úr skýrleika laganna. Óháð því hvort umræddum dómi kunni að verða áfrýjað virðist ljóst að tilefni er til tafarlausra breytinga á lögnum þannig að þau samræmist ákvæðum rammatilskipunar um stjórn vatnamála, nr. 2000/60/EB. Markmið við þá lagabreytingu þarf að vera að auka fyrirsjáanleika við ferli leyfisveitinga til raforkuframleiðslu.

Í VIII. kafla eru lagðar til breytingar á lögum nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun. Þar er í 17. gr. (6. gr. b.) lagt til að við afgreiðslu leyfisumsókna fyrir starfsemi sem er leyfissskyld samkvæmt mimsunandi sérlögum verði það á ábyrgð stofnunarinnar að sameina afgreiðsluna í eitt leyfi. Þetta er nýmæli sem að líkindum getur einfaldað stjórnsýsluferla.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

➤ Í 17 gr. frv. (6. gr. c.) er annað nýmæli sem heimilar Umhverfis- og orkustofnun að samþykkja flýtimeðferð umsóknar þegar tilgangur framkvæmdar þjónar markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og/eða kolefnishlutleysi. Að áliti SO væri eðlilegt að kveða á um skyldu ráðherra um útfærslu slíkrar flýtimeðferðar frekar en að einungis verði um heimild að ræða.

Að frátalinni ábendingu um nauðsynleg viðbrögð við niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur og reglugerðarákvæði 17. gr. frv. gera Samtök orkusveitarfélaga ekki athugasemd við frumvarpið.

17. janúar 2025

Ása Valdís Árnadóttir

F.h. Samtaka orkusveitarfélaga

Ása Valdís Árnadóttir

formaður

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Umsögn SO um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Mál nr. S-235/2024.

Drög eftir umfjöllun í stjórn SO 17. janúar 2025

Almennt

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga (SO) telur vera löngu tímabært að endurskoða lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Fyrirliggjandi skýrsla starfshóps og tillaga að lagafrumvarpi eru að áliti SO góður umræðugrundvöllur en nokkur atriði í tillögunum kalla þó á nánara samráð, m.a. við sveitarstjórnir um allt land.

Þar sem tillagan er lögð fram í samráðsgátt af fráfarandi ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra má vænta þess að breytingar kunni að verða gerðar á tillögu að lagafrumvarpi. Óskar SO eftir því að vera þátttakandi í samráði um þær breytingar. Væntir SO þess að í samráði verði til umræðu allar sviðsmyndir sem fjallað er um í skýrslu starfshópsins, frekar en einungis sú tillaga að lagabreytingu sem lögð er fram með skýrslunni.

Helstu ábendingar við frumvarpsdrög:

Aukin skilvirkni og skýrleiki í ferli rammaáætlunar

Almennt markmið frumvarpsins er að gera rammaáætlun að skilvirkara stjórn tæki. Það hugnast SO vel. Ferli rammaáætlunar hefur almennt tekið of langan tíma. Það hefur þó ekki skýrst eingöngu af viðamiklu og flóknu stjórnsýsluferli heldur einnig aðkomu Alþingis að samþykkt tillögu verkefnisstjórnar. Jákvætt er að starfshópurinn bendir í skýrslu sinni á leiðir sem taka til úrbóta á ferlinum í heild, allt frá því hvaða gögn þurfa að fylgja virkjanahugmynd þar til tillögur verkefnisstjórnar hljóta afgreiðslu Alþingis.

Ýmsar tillögur ganga út á að laga ferlið við vinnslu og afgreiðslu rammaáætlunar. Þar má nefna að:

- Skýra kröfur um hvaða gögn þurfi að leggja fram um virkjanakosti áður en þeir fá málsmeðferð í rammaáætlun, sbr. c-lið 8. gr. frv. **Um þessa tillögu er nánari umfjöllun hér á eftir.**
- Rammaáætlun verði unnin sem samfelluverkefni, með færri virkjanakostum hverju sinni.
- Tímafrestir um afgreiðslu mála hjá faghópum, verkefnisstjórn, ráðuneyti og ráðherra, verði styttr.
- Fækka samráðsferlum verkefnisstjórnar úr tveimur í einn.
- Ráðherra verði heimilt að veita undanþágu til matsskyldra rannsókna á virkjanahugmyndum í biðflokki, sbr. e-lið 5. gr. frv.
- Frestur sveitarstjórnar til ákvörðunar um landnotkun verði styttr, sbr. 7. gr. frv. **Um þessa tillögu er nánari umfjöllun hér á eftir.**

Aðrar tillögur ganga út á að minnka réttaróvissu um leyfisveitingar og friðlýsingu virkjanakosta. Þar má einkum nefna:

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

- g) Breytta hugtakanotkun, m.a. að *virkJunarkostur* vísi framvegist eingöngu til virkjanahugmynda í nýtingarflokki. Hugtakið *virkJunarhugmynd* gildi um tillögur sem flokkast í biðflokk og *verndarsvæði* gildi um tillögur sem flokkast í verndarflokk. Sjá 1. og 2. gr. frv.
- h) Krafa er gerð um að mat á vistfræðilegum áhrifum á vatnhlot liggi fyrir áður en virkjunarhugmynd er flokkuð í nýtingarflokk, sbr. f-lið 9. gr frv.
- i) Afmörkun svæða í verndarflokki verði gerð skýrari og verði hluti af ályktunartexta verndarflokks rammaáætlunar, sbr. b-lið 6. gr. og a-lið 8. gr. frv. Með tillögunni er tekið tillit til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 36/2023 um friðlýsingu á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. **Um þessa tillögu er fjallað sérstaklega hér á eftir.**

Að auki er lagt til að:

- j) Náttúrufræðistofnun verði falið að ráðast í tímabundið átak til fimm ára í greiningu á landssvæðum með tilliti til verndar fyrir raforkuframleiðslu, sbr. ákvæði til bráðabirgða. **Um þessa tillögu er fjallað sérstaklega hér á eftir.**

Afstaða SO til framangreindra lagabreytingatillagna er almennt afar jákvæð, að teknu tilliti til eftirfarandi fyrirvara við tilteknar greinar frv. Tekur SO sérstaklega undir að tækifæri eru til að einfalda samráðsferli og stytta umsagnarfrest .

Um 7. gr. frv. (frestir sveitarstjórna til breytinga á aðalskipulagi)

Mikilvægt er að hafa í huga að lög nr. 48/2011 voru umdeild á sínum tíma. Samband íslenskra sveitarfélaga setti fram alvarlegar athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins, sem fól í sér verulega takmörkun á skipulagsvaldi sveitarfélaga, þar sem niðurstaða rammaáætlunar er bindandi við aðalskipulagsgerð sveitarfélaga. Niðurstaða Alþingis var að fallast á tillögu sambandsins um að milda áhrif ákvæðisins.¹ Í fyrirbyggjandi tillögu er horfið frá þeirri málamiðlun. Hlýtur að þurfa að fara fram beint samtal á milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á umræddu lagaákvæði. Leggja SO áherslu á að sátt þarf að nást við sveitarstjórnarstigið um hve langt er mögulegt að ganga á þessu stigi og að ekki verði lögð fram tillaga um lagabreytingu fyrr en sú sátt liggur fyrir.

Núverandi lagagrein er svohljóðandi:

Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, sbr. þó 2. mgr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í **allt að tíu ár** og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og orkunýtingaráætlun. Sveitarstjórn getur þó óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til þess að **fresta að hámarki til þriggja ára í viðbót ákvörðun um landnotkun enda séu fyrir því gildar ástæður**. Áður en Skipulagsstofnun tekur afstöðu til erindis sveitarstjórnar skal hún óska umsagnar verkefnisstjórnar skv. 8. gr. um erindið.

¹ Sjá [framhaldsnefndarálit](#) iðnaðarnefndar Alþingis á þingskj. 1356 – 77. mál á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um frestun er ekki kæránleg til þess ráðherra er fer með skipulagsmál.

Í 7. gr. frumvarpsdraga er lagt til að í 1. málslíð 2. mgr. komi **fjögur** ár í stað tíu ára í gildandi lögum. Einnig er lagt til að í 4. málslíð 2. mgr. komi **eitt** ár í stað fjögurra ára í gildandi lögum. Heildarfrestur sveitarstjórna til að taka afstöðu í skipulagsvinnu styttist því úr að hámarki 14 árum í 5 ár. Óhjákvæmilegt er að sveitarfélögin staldri við þessa tillögu og að hún fái ítarlega umræðu á sveitarstjórnarstigi.

Við umfjöllun um málið í stjórn SO 17. janúar sl. komu fram verulegir fyrirvarar við áform um styttingu fresta skv. 7. gr. en jafnframt töldu stjórnarmenn mikilvægt að skýra tiltekin atriði sem snúa að framkvæmd laganna. Einkum virðist vera tilefni til að kveða mun skýrar á um það í lögnum að skylda sveitarfélaga til aðalskipulagsbreytinga vegna virkjanakosta í nýtingarflokki verði einungis virk ef framkvæmdaraðili virkjunarverkefnis óskar eftir því og að hann greiði þann kostnað sem hlýst af skipulagsvinnunni. Einnig virðist vera tilefni til að skýra nánar hvaða gögn þurfi að liggja fyrir áður en af aðalskipulagsbreytingu getur orðið á grundvelli 7. gr. laganna. Tilefni er m.a. til að benda á að gögn á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana eru að jafnaði mun ítarlegri og skýrari en gögn sem skilað er til verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Liggi slík gögn ekki fyrir í aðalskipulagsvinnu er breyting á aðalskipulagi því ekki endilega tímabær.

Markmið tillögunnar er að stytta ferli rammaáætlunar og gera hana að skilvirkara stjórnæki. Þetta markmið styður SO heils hugar. Ærið tilefni er þó til að benda á að ákvæði 7. gr. leggur ekki eingöngu skyldur á sveitarfélögin að breyta aðalskipulagi sínu vegna virkjanakosta í nýtingarflokki og í verndarflokki, því ákvæðið hefur einnig verið túlkað þannig að breyta beri aðalskipulagi vegna virkjanakosta (-hugmynda) í biðflokki. Hér má hafa í huga að margir þeirra kosta munu aldrei verða að veruleika og því hlýtur að orka tvímælis að skylda sveitarfélögin til að festa landnotkun á því svæði þar sem virkjun kann að koma til álita með þeim hætti sem lagaákvæðið felur í sér.

Í athugasemdum Sambands íslenskra sveitarfélaga við upphaflegt frumvarp til laga nr. 48/2011 var jafnframt gerð athugasemd við að óvíst sé að virkjanakostir í nýtingarflokki verði nokkurn tíma að veruleika. Á sú athugasemd enn við og í einhverjum tilvikum kann að vera óvíst hvaða framkvæmdaraðili stendur að baki tillögu þótt hún hafi hlotið samþykki í nýtingarflokk í fyrri áföngum rammaáætlunar. Þótt aðrar úrbætur sem lagðar eru til í frumvarpinu muni að öllum líkindum stuðla að meiri fyrirsjáanleika um hvaða virkjanakostir verði að veruleika í framtíðinni þurfa lög nr. 48/2011 einnig að endurspeglar raunveruleikann eins og hann birtist sveitarfélögum í dag.

Alls ekki skal útiloka að á þessu álitaefni megi finna lausn sem sveitarfélögin geti unað við. Í því samhengi má m.a. velja því upp hvort hugtakabreytingar sem lagðar eru til í 1. og 2. gr. frumvarpsdraganna endurspeglar nógu vel í 7. gr., þ.e. að gera skýrari greinarmun á virkjunarhugmynd og virkjunarkosti. Sú breytta hugtakanotkun gefur að líkindum tilefni til að endurskoða það fyrirkomulag að virkjanahugmyndir í biðflokki þurfi að tilgreina á aðalskipulagsupprætti.

Um afmörkun svæða í verndarflokki

SO telur óhjákvæmilegt að bregðast við niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 36/2023 um friðlýsingu á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum, líkt og lagt er til í 6. og 8. gr. frv. Ekki er tilefni til beinna ábendinga við

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

frumvarpið hvað þetta varðar. SO vill þó árétta mikilvægi þess að verkefnisstjórn rammaáætlunar hafi beint samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög um afmörkun svæða sem lagt er til að falli í verndarflokk. Augljós þörf er á slíku samráði þar sem það leiðir af 7. gr. laganna að sveitarstjórnnum ber að breyta aðalskipulagi sínu þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillögu um málið.

Um gagnaöflun verkefnisstjórnar (krafa um viðbótargögn)

Í c-lið 8. gr. frv. er tekið á einum af helstu veikleikum í núverandi framkvæmd rammaáætlunar. Eins og fram kemur á bls. 30 í skýrslu starfshópsins hefur oft verið óskýrt hvort gögn sem send eru til verkefnisstjórnar rammaáætlunar séu fullnægjandi til að meta virkjunarhugmynd. Einnig er óljóst hver ætti að afla frekari upplýsinga og hver hafi það hlutverk að upplýsa framkvæmdaraðila um að gögn vanti. Þetta er að sjálfsögðu ótæk staða. Orkustofnun hefur ekki haft nægilega skýrt hlutverk varðandi yfirferð gagna áður en virkjanahugmynd er vísað í málsmeðferð rammaáætlunar. SO telur þá breytingu sem lögð er til í ákvæðinu vera til mikilla bóta, þ.e. að fela Umhverfis- og orkustofnun veigameira hlutverk varðandi mat á gögnum og frekari gagnaöflun.

Þessu tengt vill SO þó benda á mikilvægi þess að sveitarstjórnir fái tímanlega kynningu á virkjanahugmyndum sem vísað er til verkefnisstjórnar.

Er mælt til þess að bætt verði við ákvæði c-liðar 8. gr. frv. nýjum málslíð sem kveði á um að afrit af gögnum skuli send til hlutaðeigandi sveitarstjórna þegar virkjunarhugmynd er vísað til verkefnisstjórnar. Sambærilegt ákvæði verði einnig sett í fyrirhugaða reglugerð, sbr. 5. gr. hennar. Að áliti SO skiptir verulegu máli að skerpa á þessari aðkomu sveitarstjórna með tilliti til þess að faghópur 3 hafi sem bestar forsendur til að meta samfélagsleg áhrif virkjanahugmynda.

Um ákvæði til bráðabirgða (greining á svæðum út frá verndargildi)

Að áliti SO er tillaga um að fela Náttúrufræðistofnun að vinna greiningu á jarðhitasvæðum, ám, vatnföllum eða vatnasviðum m.t.t. verndargildis skynsamleg en verkefnið getur þó reynst umfangsmikið og þarf að skilgreina það vel. Eðlilegt væri að sett verði reglugerð um verkefnið þar sem sérstaklega verði hugað að samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Hvetur SO til þess að í reglugerð verði bætt ákvæði um að leita skuli forálits sveitarfélaga áður en verkefnið hefst, um það hvaða svæði innan þeirra marka gætu fallið undir verkefnið. Jafnframt fari fram vandað samráð við sveitarfélögin um afmörkun svæða sem þykja hafa svo hátt verndargildi að þau ættu að falla í verndarflokk rammaáætlunar.

Um sviðsmyndir í skýrslu starfshóps

Í kafla 6 í skýrslunni eru settar fram fimm sviðsmyndir, misjafnlega ítarlegar. Á vettvangi SO hefur farið fram umtalsverð umræða um flestar sviðsmyndir, m.a. í tengslum við hugmyndir um sérstaka málsmeðferð fyrir virkjanahugmyndir í vindorku.

Að áliti SO er ekki tilefni til að útiloka með öllu sviðsmynd 5 um að fella rammaáætlun niður og láta almennan lagaramma grípa orkuframkvæmdir. Í skýrslunni eru þó dregnar fram ástæður þess að starfshópurinn telur þann kost ekki fýsilegan og getur SO í meginatriðum tekið undirþá niðurstöðu.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Ljóst má vera að róttækari breytingar en lagðar eru til í skýrslu starfshópsins, svo sem að móta nýtt kerfi til ákvarðanatöku um virkjanahugmyndir myndu taka tíma og ekki endilega leiða til farsælli niðurstöðu.

SO vill því ítreka að skýrslan er góður umræðugrundvöllur og að samtökin leggjast ekki gegn því að unnið verði að frekari útfærslu á lagaramma á grundvelli skýrslu starfshópsins.

Lokaorð

Það er von Samtaka orkusveitarfélaga að tekið verði tillit til framangreindra ábendinga við frekari vinnslu frumvarpsins og lýsa SO sig reiðubúin til frekara samráðs um málið.

Að áliti SO er það jákvætt skref að í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar kemur fram eftirfarandi sýn í orkumálum, sem gefur til kynna vilja til þess að auka sátt við sveitarfélögin um auðlindamál:

Með mótun auðlindastefnu um sjálfbæra nýtingu og réttlát auðlindagjöld sem renni að hluta til nærsamfélags.

SO vilja þó taka skýrt fram að allt kjörtímabil síðustu ríkisstjórnar stóð yfir vinna við að tryggja sveitarfélögum sanngjarna hlutdeild í tekjum af orkuauðlindum. Þolinmæði sveitarfélaga gagnvart því að tillögur um þetta efni verði samþykktar á Alþingi fer því ört minnkandi.

xx. janúar 2025

F.h. Samtaka orkusveitarfélaga

Ása Valdís Árnadóttir

formaður

Hulda Kristjánsdóttir

From: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir <gudrun@sass.is>
Sent: miðvikudagur, 22. janúar 2025 15:18
To: Anton Kári Halldórsson; Hörður Bald; Hugrún Harpa Reynisdóttir; Ingunn Jónsdóttir; Kötlusetur; Kristín Vala Prastardóttir; Lína Björg Tryggvadóttir; Stefán Friðrik Friðriksson; Unnur Blandon; asahreppur@asahreppur.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; gogg@gogg.is; heimasida@vestmannaeyjar.is; hruni@fludir.is; klaustur@klaustur.is; Móttaka Hveragerði; myrdalshreppur@vik.is; olafur.rafnar@arborg.is; olfus@olfus.is; osp@ry.is; Sigurrós H Jóhannsdóttir; simmi@hvolsvollur.is; skeidgnup@skeidgnup.is; tjarvi@hornafjordur.is; Valtýr Valtýsson; Ásta Stefánsdóttir; Hulda Kristjánsdóttir; Ása Valdís Árnadóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Pétur Georg Markan; Einar Freyr; Sveitarstóri RY; Sveitarstjóri Skaftárhrepps; sylviakaren@skeidgnup.is; Elliði Vignisson; Bragi Bjarnason Þórður Freyr Sigurðsson; Elísabet Björney Lárusdóttir; Ingvi Már Guðnason; Selma Harðardóttir; Guðrún Herborg Hergeirsdóttir; Álfheiður Ingólfssdóttir
Cc:
Subject: Fw: Samráð við gerð nýrrar stefnu - rödd íbúa
Attachments: Sass_1240x400_v3.png

Góðan dag

Nú köllum við eftir rödd íbúa við uppfærslu **Sóknaráætlunar Suðurlands** fyrir tímabilið 2025-2029. Sóknaráætlun er stefnumörkun sveitarfélaganna fimmtán á Suðurlandi í byggðamálum. SASS hefur umsjón með gerð áætlunarinnar en hún er fyrst og fremst **sameiginleg byggðastefna** okkar allra, sveitarfélaganna og íbúanna. Tekur hún til allra þátta er kemur að sjálfbærri byggðaþróun; **umhverfismála, atvinnu og nýsköpunar og samfélags- og menningarmála**. Áætlunin hefur hingað til og mun áfram hafa áhrif á áherslur og markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands og hvaða áhersluverkefni eru unnin hér á Suðurlandi.

Í haust var unnin virkilega flott vinna á vegum SASS þar sem íbúar eru hvattir til að hafa skoðun á málaflokkunum þremur og hafa þannig áhrif á mótnun stefnunnar. Virkilega vönduð vinna sem við fengum Sahara með okkur í lið við að framkvæma og getum við verið stolt af og deilum endilega sem víðast. Kannanirnar þrjár byggja á niðurstöðum vinnufundar um Sóknaráætlun sem fram fór á aukaaðalfundi SASS í Vestmannaeyjum vorið 2024.

Við hvetjum ykkur til að koma þessum upplýsingum á framfæri við ykkar íbúa og bjóða þeim að taka þátt í samráðinu.

Meðfylgjandi er borði sem má nýta til að setja á heimasíðuna. Einnig væri hægt að græja takka í ákveðnum stærðum ef óskað er eftir því

Hlekkurinn á kannanirnar er: <https://www.sokn.sass.is>

Við reiknum með að keyra herferðina amk. út janúar og mögulega aðeins inn í febrúar.



Bestu kveðjur,

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir
Verkefnisstjóri og kynningarfulltrúi

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga
Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði
Sími: +354-8676604
gudrun@sass.is · www.sass.is



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

SASS vinnur eftir nógildandi Sóknaráætlun Suðurlands,
byggðaáætlun Sunnlendinga. Sjá nánari upplýsingar [hér](#).



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Hulda Kristjánsdóttir

From: Jón Valgeirsson <jon@ry.is>
Sent: fimmtudagur, 23. janúar 2025 09:55
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: Byggðarráð Rangárþings ytra - 33 : 2411049 - Flóahreppur. Sundkennsla.

Sæl

Hér sendist bókun byggðarráðs RY varðandi þetta erindi. Við vinnum þetta áfram og verðum í sambandi.

2411049 - Flóahreppur. Sundkennsla.

Lögð fram beiðni frá Flóahreppi um samning til tveggja ára um leigu á aðstöðu til sundkennslu.

Byggðarráð tekur jákvætt í erindið en frestar því að taka afstöðu til þess og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram með forstöðumanni íþróttamannvirkja og skólastjórum grunnskólanna fyrir næsta reglulega fund byggðarráðs.

Samþykkt samhljóða.

Með kveðju,



RANGÁRÞING YTRA

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Sími 4887000
Heimasíða www.ry.is
Facebook [/rangarthing-ytra](https://www.facebook.com/rangarthing-ytra)
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Rangárþing ytra
velliðan fyrir alla



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstin á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.



Dreifibréf til allra
skólastjóra grunnskóla
og sveitarfélaga

Dagsetning 23. janúar 2025
Málsnúmer MRN24070042

Framkvæmd sundkennslu á unglíngastigi í grunnskólum landsins

Mennta- og barnamálaráðuneytið sendir eftirfarandi dreifibréf til allra skólastjóra grunnskóla og sveitarfélaga vegna sundkennslu á unglíngastigi í grunnskólum landsins. Tilfni dreifibréfsins eru breytingar á greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla og erindi og upplýsingar sem borist hafa ráðuneytinu vegna sundkennslu á unglíngastigi m.a. vegna hugmynda um stöðupróf um mat á hæfni í skólasundi.

Menntagildi og meginmarkmið skólaíþróttar er lýst í kafla 23.1 í aðalnámskrá grunnskóla en þar segir m.a.:

„Skólaíþróttir, ásamt grunnþættinum heilbrigði og velferð, gegna veigamiklu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemandans allan grunnskólann. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Því skal skólustarf skipulagt með það í huga að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda.“

Breytingar voru gerðar á greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla sbr. tilkynningu í Stjórnartíðindum 17. október 2024. Í uppfærðum kafla 23 um skólaíþróttir eru hæfniviðmið í skólasundi aðskilin þáttur frá námssviðinu skólaíþróttir. Með þessu er skýrari áhersla sett fram fyrir skólasund sem mikilvægt skyldunám sem ekki er hægt að uppfylla með öðrum skólaíþróttum.

Í ágúst 2023 voru jafnframt gerðar breytingar á kafla 16 aðalnámskrár grunnskóla þar sem fjallað er um undanþágur frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein. Þar er minnt á rétt barna til menntunar og gert ráð fyrir að ríkar ástæður þurfi að vera fyrir hendi svo slík undanþága sé veitt. Í aðalnámskrá eru líka viðmið um verklag vegna beiðna um undanþágur frá skyldunámi. Í aðalnámskránni kemur fram að þrátt fyrir möguleika á að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum ber grunnskólum að bjóða þessum nemendum upp á að dýpka hæfni sína í námssviðum grunnskólans eða fjölbreytt val í öðrum greinum í tíu ár.

Mennta- og barnamálaráðuneytið beinir tilmælum til allra grunnskóla landsins og sveitarfélaga að yfirfara útfærslu á sundkennslu á unglíngastigi og tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við gildandi aðalnámskrá grunnskóla bæði þegar kemur að skipulagi skólasunds og veitingu undanþága frá skyldunámi í skólasundi.

F.h. ráðherra
Hafþór Einarsson

F.h. ráðherra
Sigríður Lára Ásbergisdóttir